

Skemmtilegir skúlpútar á Kjarvalsstöðum

„Þetta er mest allt unnið í leir þó ég noti mikið önnur efni með, svo sem gler, gifs og fleira,“ sagði Steinunn Þórarinsdóttir, ung listakona, sem í dag opnar sýningu á skúlpúturum að Kjarvalsstöðum.

„Viðfangsefnið í öllum myndum er svipað, það er hugleiðingar um manninn, bæði sem einstakling og hóp-

veru,“ segir Steinunn, sem sýndi fyrst verk sín fyrir þremur árum. Hún hefur stundað nám bæði í Englandi og á Ítalíu og hlaut á síðasta ári starfslaun, „sem komu sér mjög vel.“

„Það er mjög erfitt að ætla sér að lifa af þessu, svo yfirleitt er maður neyddur til að vinna annað með,“

sagði Steinunn. Hún starfaði síðast við leiðbeiningar- og kennslustörf á Kleppspítala og þótti góð reynsla en þreytandi starf fyrir skapandi listamann til lengdar.

Undanfarna fjóra mánuði hefur Steinunn helgað sig skúlpúturum eingöngu. Eru öll verkin á sýningunni nýleg og til sölu. Er sýningin hvort tveggja, látlaus og óvenjuleg og einnig skemmtilega upp sett. Það er því vel til vinnandi að koma við hjá Steinunni einhverntíma fyrir 14. marz en þá lýkur sýningunni.



Skúlpútar Steinunnar eru af öllum stærðum og gerðum. Hér er hún innan um verk sem hengt er í loftið og kallast „Draumur“.

—DV-mynd E.O.


Framtíð Vogaskóla óviss:

Lausn á næsta leiti?


„Málið verður tekið fyrir á fundi fræðsluráðs á mánudag, að öllum líkindum,“ sagði Kristján J. Gunnarsson, fræðslustjóri Reykjavíkurborgar, í samtali við DV. Honum barst bréf frá íbúum Vogahverfis fyrir skömmu þar sem þess var farið á leit að Vogaskóli yrði rekinn áfram í núverandi mynd.

Eins og kunnugt er hefur verið ákveðið af fræðsluráði að breytingar verði á rekstri skólans, þannig að kennsla 4. til 9. bekkjar verði flutt yfir í Langholtsskóla. Hefur þessi ákvörðun valdið miklum úlfabyt meðal íbúa Vogahverfis.

„Ég get ekkert sagt um nú hver verður niðurstaða fundarins á mánudag en ekki þykir mér ólíklegt að þær breytingar verði gerðar á skólahaldinu sem gera kleift að fresta frekari ákvörðun um framtíð Vogaskóla,“ sagði Kristján J. Gunnarsson. —KP



NÝR OG GJÖRNBREYTTUR FORD ESCORT



Sá sem verður fyrstur að sporðrenna þessum skammti af góðborgurum og frönskum kartöflum fær nýjan bíl í verðlaun. DV-mynd Friðbjófur.

Hver verður fyrstur að borða?

Sunddeild Ármanns ætlar í samvinnu við skyndibitastaðinn Góðborgarann, Hagamel 67, að standa fyrir allnýstárlegri keppni í næsta mánuði. Er það keppni í hraðáti. Fær sá sem fljótastur er að sporðrenna þrem góðborgurum, einum skammti af frönskum kartöflum og drekka úr einu glasi af Coca Cola vegleg verðlaun.


Sá sem nær bezta tímanum ekur á brott á nýjum Suzuki Alto að verðmæti 79.000 krónur. Sá sem verður með bezta tímann þegar keppnin er hálfnuð, eða þann 12. marz, fær einnig verðlaun. Eru það NEC—litsjónvarps-útvarps og kassettsamstæða. Auk þess eru 10 önnur verðlaun í boði í þessari hraðátskeppni hjá Góðborgaranum.

Fyrsti keppnisdagur er á sunnudaginn á milli kl. 14 og 15. Síðan verður keppt mánudagana 1., 8., 15. og 22. marz og fimmtudagana 5., 12., 19. og 26. marz á milli kl. 20 og 22. Síðasti keppnisdagur verður sunnudagurinn 28. marz og þá verða verðlaunin afhent. Þátttökugjald er 250 krónur en keppanda er heimilt að keppa oft en einu sinni og þá gegn hálfu gjaldi. —klp—




Lágmarks loftmótstaða:

Nýi Escortinn er með straumlínulagaða yfirbyggingu, sem minnkar loftmótstöðuna og þar með benzíneyðsluna. Þar að auki leggst loftstreymið þannig, að afturúðan helst hrein.



Stjórnæki í sérflokki.

Escortinn er einstaklega auðveldur í akstri. Stýri, hemlar og vél svara viðbrögðum öku-mannsins á augabragði. Allir rofar eru vel staðsettir, mælur eru vel merktir og endurkasta ekki ljósi. Sæti eru stillanleg og veita góðan stuðning.



Frábærir aksturseginnleikar:

Framhjóladrif, mikil sporvidd og sjálfstæð fjöðrun á hverju hjóli gefa bílnum einstakt veggrip og rásfestu. Nákvæmt tannstangarstýri og afihemlar með álagsjafnara auka öryggi í akstri.



Nýjar sparemytnari en kraftmiklar vélar:

Escortinn kemur með alveg nýjum 1300 og 1600 vélum, sem sameina mikið afl og ótrúlega litla benzíneyðslu. Vélar eru með rafeindakveikju, sem sparar mikið viðhald.

1300 69hó/DIN^o) eyðsla 6.0 l.pr.100 km. 1600 96hó/DIN^o) eyðsla 6.9 l.pr.100 km.

) miðað við 90 km./klst.



Góð nýting á farþega- og farangursrými:

Þverliggjandi vél og sjálfstæð fjöðrun á hverju hjóli gefa möguleika á 5 rúmgóðum sætum og stærri farangursgeymslu. Aftursæti má leggja fram og auka farangursrymi til muna.



Ford Escort er fánlegur 3 og 5 dyra auk station-útgáfu.

Ford Escort - Þýskur gæðabíll.

Verð:

Ford Escort GL 5 dyra
Kr. 137.000.-
Ford Escort GL Station
Kr. 138.000.-
Ford Escort XR3
Kr. 163.000.-

Ford Escort - Bíllinn sem var kosinn bíll ársins í Evrópu og Bandaríkjunum á síðasta ári.



Sveinn Egilsson hf.

SKEIFUNNI 17 SÍMI 85100